



Frestir fyrir þing Norðurlandaráðs ungliða 2024

25-27.10.2024 í Reykjavík

Skráning fer fram á rafrænu eyðublaði.

Hægt er að hafa samband við skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða gegnum netfangið unr@unginorden.org.

Nýjustu upplýsingar um þingið er að finna á heimasíðu Norðurlandaráðs ungliða, unginorden.fi.

1.7 – Fundarboð á þingið sent aðildarsamtökunum

Fundarboðið inniheldur upplýsingar um:

- Tímasetningu og staðsetningu þingsins
- Tillögu að dagskrá
- Starfsreglur Norðurlandaráðs ungliða
- Frestir fyrir skráningu, breytingar á starfsreglum, ályktanir og tilkynningar um framboð
- Aðildarsamtök með atkvæðisrétt

Skráning

Skráningin skiptist á þrjú tímabil þar sem gjaldið er lægra á fyrsta tímabilinu.

- 1.7.-31.7.2024 – 300 evrur á einstakling
- 1.8.-12.8.2024 – 350 evrur á einstakling
- 13.8.-15.9.2024 - 350 evrur á einstakling + gisting á eigin vegum

Skráning þarf að fara fram á rafrænu eyðublaði og eigi síðar en 15.9.2024. Skráning opnar 1.7.2024. Krækja á skráningareyðublað verður send í tölvupósti til aðildarsamtakanna þegar skráning opnar.

25.8 – Skráning nýrra regnhlífarsamtaka

- Tilkynna þarf ný regnhlífarsamtök á skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir þing.

27.9 – Ályktanir og breytingar á starfsreglum til skrifstofunnar

- **Ályktanir** þurfa að berast skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða á rafrænu eyðublaði, sem er sent út um leið og krækja á þingskráningu, eigi síðar en fjórum vikum fyrir þingsetningu, 27.9.2024, til þess að þær verði afgreiddar sjálfkrafa á þinginu.
- Aðildarsamtök eru beðin að skila ályktunum eins fljótt og unnt er til þess að hægt verði að tryggja þýðingu á þeim.
- Ályktunartillögur sem berast í tæka tíð með þýðingum verða sendar þingfulltrúum eigi síðar en 11.10.2024.
- Hugsanlegar **breytingar á starfsreglum** þurfa að berast skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða á netfangið unr@unginorden.org eigi síðar en 27.9.2024.
- Breytingartillögur sem berast verða sendar ásamt þýðingum til aðildarsamtakanna eigi síðar en 11.10.2024.

27.9 – Umboð

- Umboð fyrir opinbera þingfulltrúa þurfa að berast skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða. Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða ef þið getið ekki skilað umboðinu rafrænt. Umboðið þarf að vera undirritað af formanni eða framkvæmdastjóra aðildarsamtakanna.



4.10 – Fundargerðir regnhlífarsamtaka

- Regnhlífarsamtök þurfa að framvísa fundargerð af aðalfundi til að öðlast rétt til þingsetu og tilnefna fulltrúa í forsætisnefnd á næsta ári. Fundargerðirnar þurfa að berast skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða eigi síðar en þremur vikum fyrir þing.

11.10. – Ályktanir og breytingar á starfsreglum til þingfulltrúa

- Ályktanir og breytingar á starfsreglum verða sendar ásamt þýðingum til þingfulltrúa 11.10.2024. Nánari upplýsingar um staðsetningu skjalanna er að finna á heimasíðu Norðurlandaráðs ungliða, unginorden.fi.

26.10 – Tilkynning um framboð til forsætisnefndar og embættis forseta

- Frambjóðendur til embættis forseta skulu tilkynna framboð sitt skriflega til fundarstjóra eigi síðar en laugardaginn 26.10.2024 kl. 17.00. Sami frestur gildir fyrir regnhlífarsamtökin til að senda inn nöfn á fulltrúa sínum og varafulltrúa í forsætisnefnd á komandi ári. Kosningar forseta og forsætisnefndar 2025 fara fram sunnudaginn 27.10.2024.